

**Nd.**

## **239. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Flm.: Gisli Sveinsson, Jón Sigurðsson, Guðbr. Ísberg.

1. gr.

Í stað orðanna „2 krónum“ í 14. gr. téðra laga komi: 1 krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur ákvæði þeirra einnig til gjalds sýslu- og bæjarfélaga fyrir árið 1934.

### **Greinargerð.**

Með lögum nr. 43 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, var svo ákveðið í 14. gr., um kostnaðinn við berklaveika á sjúkrahúsum landsins, að héruðin greiddu hann allt að  $\frac{2}{3}$ , en ríkið að  $\frac{1}{3}$  hlutum. Með lögum nr. 44 20. júní 1923 var bætt við þessa grein því ákvæði, að ef útgjöld sýslu- eða bæjarfélags til þessa yrðu á einhverju ári meiri en 2 kr. á hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, skyldi ríkissjóður endurgreiða mismuninn. Loks var með lögum nr. 42 31. maí 1927 gerð sú gagnbreyting á þessu fyrirkomulagi, að allur berklakostnaður skyldi greiddur úr ríkissjóði, en hvert sýslu- og bæjarfélag greiddi þó upp í þann kostnað gjald til ríkissjóðs, er „nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu“, eins og það er orðað, — en ef það gjald færi fram úr  $\frac{2}{3}$  kostnaðar við sjúklinga hlutaðeigandi héraðs, skyldi endurgreitt úr ríkissjóði það, er umfram var, ákvæði. sem aftur var kippt burtu með l. nr. 46 23. júní 1932, svo að nú standa héruðin með gjaldið eitt, án nokkurrar vonar um nokkra endurgreiðslu. — Þannig eru þá að þessu leyti orðin ákvæði 14. gr. berklavarnalaganna, sem í heild sinni teljast nú vera frá 1929.

Þetta afdráttarlausu gjald, upphæð tvöföld við íbúatöluna, hefir orðið héruðunum næsta þungbært, enda er það, að segja má, hæsti fastagjaldaliðurinn hjá öllum sýslufélögum landsins, enda skiptir það mörgum þús. kr. á ári hjá meðalstórum sýslum. Með dýrtíð og þar af leiðandi sveitarþyngslum, verður brátt ekki undir þessu gjaldi risið, því að, eins og kunnugt er, verða hrepparnir að standast allan kostnað sýslufélags hvers, og er ekki um neina tekjustofna þar að ræða aðra en þennan eina: að leggja á mannfólkið „eftir efnum og ástæðum“, sem með hækkandi gjöldum til ríkissjóðs á alla vegu verður allsendis ófullnægjandi tekjuöflunarleið; sumir hreppar eru og alveg að gefast upp og verða gjaldþrota.

Nú er ekki líklegt, að sveitar- eða sýslufélagunum verði í bráð séð fyrir nýjum tekjustofnum, og hinsvegar má áfram gera ráð fyrir, að byrðar þeirra aukist á ýmsa lund, svo að til einhvers ráðs þarf að grípa. Í sjálfu sér voru það frá byrjun ólög, að demba berklakostnaðinum á þennan hátt á héruðin, og ætti því helzt að fella gjaldið allt burtu. En flm. frv. þessa hafa þó eftir atvikum eigi talið rétt að fara þá leið um sinn, heldur „meðalveginn“, að lækka gjaldið um helming (úr 2 kr. í 1 kr.), og má það a. m. k. sanngjarnt þykja.